

hjer á landi einnig álíti ráðstöfun þá, sem að ofan er lýst, líklega til að efla framfarir í búnaði hjer á landi, og hvort búast megi við, að ungir efnilegir Íslendingar muni vilja nota tækifæri það, sem þeim býðst á þenna hátt til að læra verklegan búnað, og að endingu, hvort yfirvöldin hjer á landi muni vilja takast á hendur, að velja úr þá beztu og hæfustu af námspiltum þeim, er gæfu sig fram í þessu skyni. 110
2. nóv.

Ef til framkvæmdar kæmi á uppástungunni lofar búnaðarfjelagið danska að útvega námspiltunum með aðstoð hins norska búnaðarstjóra (Landbrugsdirektör) góða og hentuga verustaði í Noregi, að láta þá fá nokkur búnaðarleg rit, sem þeir eignist að velafloknu námi, og að afhenda þeim diplom eða vitnisburðarbrjef um nám þeirra, og að endingu, að veita á ári 2 fátækum og efnilegum bændasonum íslezkum, sem vilji fara til Noregs í hinum umrædda tilgangi, 100 kr. styrk hvorum til ferðarinnar þangað og verunnar þar.

Útaf þessu vil jeg hjermeð þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að skýra mjer frá þóknanlegu áliti yðar um uppástungu þá og tilboð, sem hjer liggur fyrir.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um gjald fyrir þinglestur á veðskuldabryjfi. — Með þóknanlegu brjefi, 26. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, lagt undir úrskurð minn fyrirspurn frá sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjardarsýslu, um það, hvernig reikna eigi þinglestursgjald af veðskuldabryjfi, sem nefndum sýslumanni hefur verið sent til fyrirfram innritunar frá verzlun nokkurri og þarsem 5 hndr. í jörðu eru veðsett fyrir því, sem skuldunautur var orðinn skuldugur verzluninni um, einsog líka fyrir því, sem hann kynni að fá til láns við verzlunina eptirleidis. 111
2. nóv.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjardarsýslu, að jeg er yður og honum samdóma um, að gjaldið fyrir þinglestur á ofanáminnstu skjali, sem leggur veðband á fasteign, eigi ekki að takast eptir 30. gr. aukatekjureglugjörðarinnar, og að með því að eigi eru í veðskuldabryjfinu sett nein takmörk fyrir upphæð skuldar þeirrar, sem veðsetningin er fyrir, þá sje það rjett, einsog sýslumaðurinn hefur gjört, að reikna þinglestursgjaldið eptir þeim hæsta mælikvarða sem ákveðinn er í 29. gr. áminnstrar reglugjörðar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um greiðslu kostnaðar við útvisun á landi til nýbýlis. — Með þóknanlegu brjefi, 11. sept. þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað reikning frá sýslumanninum í Ísafjardarsýslu yfir kostnað við útvisun á landi í Látravík á Ströndum til nýbýlis, er framkvæmd var af nefndum sýslumanni með 4 tilkvöddum mönnum 24. júní þ. á., og hafið þjer, samkvæmt beiðni sýslumannsins lagt það til, að kostnaður þessi verði ávísaður úr landssjóði með þeirri upphæð, er úrskurðuð yrdi af mjer. 112
3. nóv.

Reikningur sýslumannsins er saminn svo, að í honum er fyrst tilfærður kostnaður af sjóvegsflutningi fyrir sýslumann og hina tilkvöddu menn frá og til Látravíkur og þvínæst reiknaðir dagpeningar meðan ferðin stóð yfir, handa sýslumanni 2 kr. á dag, og handa hinum tilkvöddu mönnum 83 a. á dag fyrir hvern þeirra. En þjer hafið á-

112 litið, að annaðhvort yrði að reikna borgunina fyrir sýslumann og hina tilkvöddu menn
3. nóv. eptir tilsk. 15. apr. 1776 8. gr. og yrði hún þá samtals 26 kr. 64 a. eða — og það ætlið þjer rjettara — eptir lögum 13. jan. 1882 8. og 3. gr. hvað mennina snertir, en fyrir sýslumann einsog í opinberum málum og þá yrði borgunin til hinna tilkvöddu manna, rjett talin, samtals 49 kr. og til sýslumanns 21 kr.

Í tilefni af þessu skal yður til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg fæ eigi betur sjeð, en að ákvörðunin í 8. gr. tilskipunar 15. apríl 1776 um borgun fyrir útvísun til nýbýlis sje þegar fallin burtu fyrir hinum almennu ákvörðunum í aukatekjureglugjörðinni 10. sept. 1830, og að þessvegna beri nú, einsog þjer hafið álitid, að reikna borgun þá, er hjer er um rætt, hvað skoðunarmennina snertir eptir lögum 13. jan. 1882 8. og 3. gr. og fyrir sýslumann einsog í opinberum málum, og hef jeg samkvæmt þessu úrskurðað hinn framsenda reikning og sendi yður hjermeð, til frekari ráðstöfunar, jarðabókarsjóðsávísun handa sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu fyrir hinni úrskurðuðu upphæð hans, 70 kr.

113 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um
5. nóv. endurgjald á tolli af vínföngum. — Með þóknanlegu brjefi, 7. ágúst þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi frá kaupmauni Jóni Árnasyni í Þorlákshöfn, þarsem hann fer þess á leit, að fá endurgoldinn toll af 104 pottum af 16' spiritus er niður hafi lekið af vínföngum sem hann fjekk með skipinu Elfriede Mumm í síðastliðnum maímánuði.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir ofanefndum kaupmanni, að með því að eigi sje færð full sönnun fyrir hinum umrædda leka, hvorki með vottorði lögreglustjóra einsog lög 11. febr. 1876 3. gr. ákveða, eða með eidfestum vitnisburði tveggja óvilhallra manna, þá sjái jeg mjer eigi fært að leyfa hina umbeðnu endurborgun.

114 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um jarðabætur á prestssetrinu
17. nóv. Arnarbæli. — Í erindi nokkru, er hin heiðruðu stiptsyfirvöld hafa sent mjer með þóknanlegu brjefi 3. sept. þ. á., og mælt fram með, hefur presturinn að Arnarbæli, síra Ísleifur Gíslason, skýrt frá því, og stutt það með vottorði búfræðings, að afveizluskurður sá, er 1874 var grafinn á Arnarbælisengjum á kostnað prestakallsins hafi ekki orðið að tilætluðum notum og í stað þess að bæta jörðina hafi miklu fremur orðið til spillingar, og með því að viðhaldið á skurðinum verði ár frá ári erfiðara og kostnaðarsamara, hefur hann farið þess á leit, að hann mætti verða leystur frá að halda þessum skurði lengur við, og að lán það, er veitt var til hans á sínum tíma og skyldan til að halda honum við, mætti yfirferast á nýjan skurð, sem hann hefur látið byrja á, og sem að álitu búfræðings er líklegri en hinn til að verða prestssetrinu að gagni.

Í tilefni af þessu skal yður hjermeð þjónustusam'ega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir síra Ísleifi Gíslasyni, að jeg er fús til að fallast á, að ofanáminnst lán og viðhaldsskylda yfirferist á hinn nýja skurð á engjum Arnarbælis, er síra Ísleifur hefur byrjað á að láta grafa, ef hann sannar með löglegri úttektargjörð, að skurður þessi sje vel og haganlega gjörður, og að til hans hafi verið kostað